

# Sjálfsmatsáætlun

# Holtaskóla

## 2020-2025



## Mat á skólastarfi

Mat á starfi skóla hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna og ungmenna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og er hér kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

Markmið mats og eftirlits er einkum þríþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Sjálfsmatsáætlun er sett upp til þriggja eða fimm ára í senn og er síðan birt á heimasíðu skólans. Áætlun hvers árs er yfirfarin að hausti og kynnt á starfsmannafundi. Stjórnendur fylgja eftir sjálfsmatsáætlun, aðstoða við fyrirlögn kannana, vinna úr niðurstöðum þeirra og sjá til þess að kynna niðurstöður fyrir starfsmönnum, nemendum, foreldrum og birta þær á heimasíðu.

Innra mat skóla er markvisst fléttað saman við daglegt starf og nær til allra þátta skólastarfsins, s.s. stjórnunar, kennslu, námskrafna, námsmats og samskipta innan og utan kennslustofunnar. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Þær upplýsingar og þau gögn, sem eru lögð til grundvallar matinu, taka mið af þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni.

Sjálfsmatsteymi Holtaskóla setur upp sjálfsmatsáætlun í samstarfi við stjórnendur, kennara og fræðslufirvöld í Reykjanesbæ. Stjórnendur leggja sjálfsmatsáætlun til fimm ára í senn fyrir starfsmannafund og skólaráð og áætlunin er síðan birt á heimasíðu skólans.

Þá eru niðurstöður sjálfsmats kynntar á starfsmannafundum, fyrir nemendum, foreldrum og skólaráði ásamt að birtast á heimasíðu skólans.

Meðfylgjandi er áætlun um mat í Holtaskóla. Áætlunin sem birtist í töflunni er framkvæmd á hverju skólaári næstu fimm skólaárin.

Þó áætlunin sé til fimm ára er hún endurskoðuð á hverju ári með tilliti til þeirra verkefna sem gætu komið inn í skólastarfið og þyrfti að meta.

## Áætlun hvers árs:

	Heiti mats – hvað kannað	Matsaðilar	Tímasetning mats	Pátttakendur	Stefna og markmið	Nám og kennsla	Námsmat	Nemendur	Starfsfólk og starfsmannastjórnun	Aðbúnaður	Stjórnun	Ytri tengsl	Annað
Skólanámskrá	Endurskoðun skólanámskrár Holtaskóla, aðlöguð að nýrri aðalnámskrá.	Stjórnendur og kennarar.	Allt skólaárið.	Allir starfsmenn, foreldrar og skólaráð.	X	x	x						
Skólastefna	Endurskoðun á skólastefnu Holtaskóla.	Stjórnendur og starfsfólk.	Allt skólaárið.	Allir starfsmenn, nemendur, foreldrar, skólaráð.	X	x	x						
Heilsuefliandi skóli	Innleiðing Heilsuefliandi grunnskóli.	Heilsuteymi, stjórnendur, starfsfólk, Landlæknisembætti.	Allt skólaárið.	Allir starfsmenn, nemendur, foreldrar, skólaráð.	X	x		x	x				
Skólapúlsinn	Nemendakönnun: virkni nemenda, líðan nemenda bekkjarandi.	Skólapúlsinn. Deildarstjóri leggur fyrir.	4 mælingar, tvær á haustönn og tvær á vorönn.	Nemendur 6. – 10. b. - úrtak í hverri mælingu.		x		x		x			
	Foreldrakönnun um gæði skólans, samskipti við skólann virkni í skólastarfi og námið heima fyrir.	Skólapúlsinn. Sent í tölvupósti á foreldra.	Mars. Lagt fyrir skólaárin 2020-2021 2022-2023 2024-2025.	Úrtak foreldra – forráðamanna allra nemenda.		x				x	x	x	
	Starfsmannakönnun um stefnumótun, stjórnun, starfsþróun, jafnrétti/jafnræði, starfsanda o.fl.	Skólapúlsinn. Sent í tölvupósti á starfsmenn.	Mars/apríl Lagt fyrir skólaárin 2020-2021 2022-2023 2024-2025.	Allir starfsmenn.	X	x	X		x	x	x		
	Starfsmannakönnun um stefnumótun, stjórnun, starfsþróun, jafnrétti/jafnræði, starfsanda o.fl.	Reykjanesbær. Sent í tölvupósti á starfsmenn.	Nóvember Lagt fyrir á hverju ári.	Allir starfsmenn.	X	x	X		x	x	x		
Samræmd próf	Námsleg staða í íslensku, stærðfræði í 4., 7., og 9. b og ensku í 9. b.	Samræmd próf. Menntamálastofnun.	September og mars.	Nemendur í 4., 7. og 9. b.		x		x					
Árangursríkt skólastarf	Fundir um verkgag og ferla í skólanum.	Kennarar. Fundir allt skólaárið.	Endurskoðun á ýmsum verkferlum og textum.	Kennarar.	X	x	x						
Samtöl	Kennslurýni og samtöl í kjölfarið.	Skólastjórnendur eða jafningjamat.	jan. - mars.	Kennarar.	X	x			x	x	x		
	Starfsmannasamtöl.	Skólastjórnendur.	Feb. - mars.	Allir starfsmenn.	X	x			x	x	x		
Lesskimanir	Logos lesskímun, lestrarhraði og lesskílningur.	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við deildarstjóra stoðþjónustu.	Nóvember.	6. bekkur.		x		x					

	Logos lesskimun, lestrarhraði og lesskilningur.	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við deildarstjóra stoðþjónustu.	Apríl.	8. bekkur.		x		x						
	Orðarún – lesskilningur.	Umsjónarkennarar.	Lagt fyrir tvisvar á ári.	Nemendur 3. – 8. b.		x		x						
	Lesskimun fyrir 1. bekk.	Kennarar.	Október.	1. bekkur.		x		x						
	Lesferill – Lesfimi.	Kennarar 1.-10. bekkja í samráði við deildarstjóra stoðþjónustu.	Þrisvar á ári. Sept., jan og maí.	Nemendur í 1. - 10. bekk.		x		x						
Stærðfræðiskimanir	Hóppróf talnalykils.	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við deildarstjóra stoðþjónustu.	Nóvember.	3. bekkur.		x		x						
	Hóppróf talnalykils.	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við deildarstjóra stoðþjónustu.	Október.	6. bekkur.		x		x						
Framkvæmdamat	Á skólaárinu fara fram hinir ýmsu viðburðir í skólanum. Þetta eru viðburðir eins og jólahátíð, öskudagur, árshátíð, vorhátíð, þemadagar, skólasetning, skólaslit og fleira. Framkvæmdamat er gert eftir hvern viðburð.	Sjálfsmatsteymi og skólastjórnenndur.	Allt skólaárið.	Starfsmenn skóla. Nemendur og foreldrar þegar við á.		X		x	x	x	x	x	x	x

## Lýsing einstakra verkefna

### Skólanámskrá

Starfsáætlun endurskoðuð á hverju ári ásamt bekkjarnámskrám. Almennur hluti endurskoðaður á þriggja ára fresti, næst skólaárið 2022-2023.

### Skólapúlsinn

Skólapúlsinn skiptist í þrjár kannanir; nemendakönnun, foreldrakönnun og starfsmannakönnun.

**Nemendakönnunin** fer fram í nokkrum 40 nemenda úrtökum sem dreift er yfir skólaárið þar sem fjöldi úrtaka fer eftir stærð hvers skóla fyrir sig.

Eftirfarandi þættir eru mældir í nemendakönnun Skólapúlsins:

1. Ánægja af lestri
2. Áhugi og ánægja af stærðfræði
3. Áhugi og ánægja af náttúrufræði
4. Trú á eigin námsgetu
5. Trú á eigin vinnubrögð í námi
6. Prautseigja í námi
7. Sjálfsálit
8. Stjórn á eigin lífi
9. Vellíðan
10. Tíðni eineltis
11. Tegund eineltis
12. Staðir eineltis
13. Hreyfing
14. Mataræði
15. Samsömun við nemendahópinn
16. Samband nemenda við kennara
17. Agi í tímum
18. Virk þátttaka í tímum
19. Mikilvægi heimavinnu í náminu
20. Tvær opnar spurningar um skólann

Valið á spurningunum sem eru í könnuninni byggja að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnunum og kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Valið er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins.

Holtaskóli stefnir á að vera á landsmeðaltali eða yfir á öllum þáttum könnunarinnar.

**Foreldrakönnunin** mælir 59 þætti í fimm flokkum. Flokkarnir eru: nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimastuðningur.

Könnunin er framkvæmd í febrúar annað hvert ár. Könnunin er gerð fyrir foreldra barna á öllum aldurstigum grunnskólans. Búið er til 120 foreldra líkindaúrtak úr lista sem skólinn sendir inn í kerfið í janúar. Í þeim tilfellum þar sem tvö netföng eru skráð á foreldra er spurningalistanum skipt í tvennt og helmingur listans sendur á sitt hvort netfangið. Öðru hvoru foreldrinu eða báðum í sameiningu er þó frjálst að svara báðum hlutum. Niðurstöður á yngsta, mið- og unglíngastigi eru birtar með samanburði við landsmeðaltal í byrjun mars svo lengi sem 80% svarhlutfalli hefur verið náð.

Holtaskóli stefnir á að vera á landsmeðaltali eða yfir á öllum þáttum könnunarinnar.

**Starfsmannakönnun** fer fram í mars og mælir 45 þætti í 7 flokkum. Flokkarnir eru: viðhorf til skólans, almennar upplýsingar um kennara, kennarastarfið, starfsumhverfi kennara, mat og endurgjöf, símenntun kennara og almennur flokkur. Aðeins þeir starfsmenn sem stunda kennslu fá spurningar sem snúa að kennarastarfinu.

Starfsmannakönnunin fer fram á netinu og er send á tölvupóstföng allra starfsmanna skv. starfsmannalista sem tengiliður Skólupúl síns sendir inn í febrúar. Niðurstöður fyrir starfsmannahópa með minna en fimm starfsmönnum eru ekki birtar til að tryggja nafnleynd. Starfsmannakönnun Skólupúl síns fer einungis fram í mars annað hvert ár og niðurstöður hennar birtast á vefsvæði þátttökuskólanna í byrjun apríl.

Holtaskóli stefnir á að vera á landsmeðaltali eða yfir í öllum þáttum könnunarinnar.

### **Samræmd próf**

Samræmd könnunarpróf eru í 4., 7. og 9. bekk. Prófin fara fram í september ár hvert í 4. og 7. bekk og í mars í 9. bekk. Í 4. og 7. bekk er prófað í stærðfræði og íslensku en í 9. bekk er prófað í íslensku, stærðfræði og ensku.

Samræmdum könnunarprófum er einkum ætlað að mæla hvort markmiðum aðalnámskrár hefur verið náð og gefa nemendum, foreldrum, skóla- og fræðsluyfirvöldum upplýsingar og viðmiðanir á landsvísu.

Niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum veita góðar upplýsingar um námslega stöðu nemandans og framfarir.

Skólinn nýtir sér niðurstöður prófanna í sjálfsmati skólans og skoðar stöðu skólans út frá landsmeðaltali og framförum á milli ára.

Holtaskóli stefnir á að vera a.m.k. á landsmeðaltali í öllum sjö prófunum. Þá er sérstaklega skoðaðar framfarir nemenda úr 4. í 7. bekk og 7. í 9. bekk.

### **Árangursríkt skólastarf**

Á skólaárinu verður fundað reglulega um verkferla og ýmislegt annað sem þarfnast endurskoðunar s.s. skólareglur.

### **Samtöl**

Á hverju ári fara fram samtöl í skólanum. Bæði fara fram hefðbundin starfsmannasamtöl og einnig samtöl í kjölfar kennslurýnis/jafningjamat.

### **Lestrar-, stærðfræði, og stafsetningarskimanir**

Á hverju ári fara fram lestar- og stærðfræðiskimanir í ákveðnum árgöngum. Skimanirnar eru lagðar fyrir til að finna nemendur sem glíma við námserfiðleika. Skimanir/próf eru lögð fyrir heila árganga undir umsjón verkefnastjóra stoðþjónustu og oft í samstarfi við Fræðsluskrifstofu. Skólinn vinnur svo úr niðurstöðum skimana, gerir umbótaáætlun fyrir árganga og gefur foreldrum upplýsingar um áframhaldandi vinnu bæði í skóla og heima.

Skimanir gefa góðar vísbendingar um gengi á samræmdum prófum og stefnir skólinn að því að ná landsmeðaltali í öllum fögum.

### **Framkvæmdarmat**

Á hverju skólaári fara fram hinir ýmsu viðburðir í skólanum. Þetta eru viðburðir eins og jólahátíð, öskudagur, árshátíð, vorhátíð, þemadagar, skólaþing, skólaslit og fleira. Framkvæmdarmat er gert eftir hvern viðburð. Skólastjórnendur kalla eftir viðhorfum og skoðunum alls skólasamfélagsins þegar við á s.s. starfsmönnum skóla, nemendum og foreldrum.